

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 11. mars 2021: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs:

Borgarfulltrúa Flokks fólksins stendur ekki á sama um fjármuni borgarbúa og telur að allt of miklum fjármunum sé varið í allskyns óhlutlæg verkefni eins og gríðarleg ráðgjafarkaup og hugmyndavinnu ýmiss konar sem lítið virðist skilja eftir sig í raunverulegum vörum eða hagræðingu. Borgarfulltrúa finnst eins og á þessu sviði sé einhvers konar hugmyndasmíð í gangi sem ekki er séð hverju skilar nema fjárútlátum í stað afurða í formi lausna fyrir Reykvíkinga. Það eru Reykvíkingar sem eru að greiða fyrir þessi stafrænu verkefni sem kynnt hafa verið að undanfögnu og undanfarin ár án þess að ávinningur sé beinlínis sýnilegur eða áþreifanlegur. Vegna þessa spyr borgarfulltrúi Flokks fólksins um kostnað embættismanna/starfsmanna þjónustu- og nýsköpunarsviðs við ferðir erlendis: ráðstefnur, námskeið, námsferðir eða nám. Spurt er um kostnað síðustu 4 ár. R21030125